

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Rafveitu Gerðahreps, nr. 33 7. febrúar 1968.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni skulu hækka um 10%.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967.

Atvinnumálaráðuneytið, 2. apríl 1969.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 97.

2. apríl 1969.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Jóhannes Kjartansson og Marenu Ellertsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. apríl 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Jóhannes Kjartansson og Marenu Ellertsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Jóhannes Kjartansson og Marenu Ellertsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um fóstursystkinin frá Hruna, sem hann er við kenndur, þau Jóhannes Kjartansson, verkfr., f. 1900, d. 1928, og Marenu Ellertsdóttur, f. 1909, d. 1927, og eru tildrög að stofnun hans þessi:

Árið 1928 lagði séra Kjartan Helgason í Hruna inn í sparissjóð kr. 369,00 og nefndi „Minningarsjóð um Jóhannes Kjartansson og Marenu Ellertsdóttur“. Þessi upphæð var gjöf frá sóknarbörnum séra Kjartans til hans og konu hans, Sigríðar Jóhannesdóttur, gefin í sambandi við fráfall sonar þeirra og fósturdóttur. Eftir lát þeirra hjóna, Kjartans 1931 og Sigríðar 1947, hefur þessi sjóður verið í vörzlu Helga sonar þeirra í Hvammi, ávaxtast í sparissjóðnum og tekið við nokkrum gjöfum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 12 118.08.

4. gr.

Sjóðurinn tekur gjarna við gjöfum og áheitum, og skal leggja þær fjárhæðir við höfuðstól hans, nema gefandi ákveði annað.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggum opinberum sjóðum eða á annan öruggan hátt.